

---

## Urðunarstaður á Hóli

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 19. janúar 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Bolungarvíkurkaupstað um fyrirhugaðan urðunarstað á Hóli, Bolungarvíkurkaupstað samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 11.03 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Urðunarstaður á Hóli, Bolungarvíkurkaupstað. Fyrirspurn um matsskyldu. Verkís, janúar 2018.

Samhliða tilkynningunni var tillaga að deiliskipulagi urðunarstaðarins, dags. 14. júlí 2017, send til umsagnaraðila.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða með bréfi dags. 6. febrúar 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 13. febrúar 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 8. febrúar 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá Bolungarvíkurkaupstað með bréfi dags. 28. febrúar 2018.

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Bolungarvíkurkaupstaður hefur tilkynnt urðunarstað á Hóli sem er í vestanverðum hólnum sem bærinn Hóll stendur á, fyrir mynni Tungudals í Bolungarvík. Tilgangur framkvæmdarinnar er að urðun, jarðgerð og endurvinnsla geti haldið áfram í takmarkaðan tíma á allt að 500 tonnum af óvirkum úrgangi á ári. Svæðið er um einn hektari að stærð og hallar móti norðri. Gert er ráð fyrir að urðun verði hætt fyrir árslok 2020, gengið frá svæðinu fyrir ársbyrjun 2022 og land verði grætt upp með grasi og trjágróðri.

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila með tilkynningunni að í sand- og malarnámu í landi Hóls hafi virk og óvirk efni verið urðuð a.m.k. undanfarin 20 ár. Urðun virkra efna hafi verið hætt árið 2006 en þá hafi verið gefið út starfsleyfi sem heimili urðun og endurvinnslu óvirkra efna sem muni renna út 1. júlí 2018. Fyrirhugað sé að sækja um nýtt starfsleyfi sem heimili núverandi starfsemi þar sem ekki sé talið skynsamlegt að opna nýjan urðunarstað fyrr en sveitarfélög á Vestfjörðum hafi unnið sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Fram kemur að á svæðinu hafi landi verið raskað vegna efnistöku og urðunar en efnistöku hafi verið hætt. Austast á svæðinu sé urðunarstaður fyrir óvirkt efni (svæði B) um 1500 m<sup>2</sup> að flatarmáli, sem sé að hluta til grafinn inn í hólinn. Norðan þess sé um 500 m<sup>2</sup> svæði (A) þar sem jarðgerð og endurvinnsla lífræns úrgangs og garðaúrgangs fari fram. Allt svæðið sé afgirt og aðkomuvegur



lokaður. Fram kemur að gert sé ráð fyrir áframhaldandi urðun á óvirkum úrgangi á svæði B og jarðgerð og/eða endurvinnslu á lífrænum úrgangi á svæði A. Efnislosun og efnistaka verði óheimil nema til landmótunar og frágangs svæðisins.

Fram kemur að framkvæmdaraðili telji ólíklegt að sá valkostur, að hætta urðun að Hóli og færa tímabundið á annan stað, muni hafa minni áhrif en urðun á núverandi stað. Hann telji að helstu áhrifaþættir framkvæmda séu urðun, efnisvinnsla og umferð.

Í tillögu framkvæmdaraðila að deiliskipulagi kemur fram að vegurinn að urðunarstaðnum sé lokaður og einungis verktaki hafi aðgang að svæðinu.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

### Landslag

Fram kemur í tillögu framkvæmdaraðila að deiliskipulagi að urðunarstaðurinn hafi neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og raski landslagsheildinni sem annars einkennist af landbúnaði. Kirkjustaðurinn og hóllinn séu mikilvæg kennileiti í Bolungarvík. Fyrri efnistaka og umrót í landinu brjóti form hólans og urðun samræmist ekki ímynd kirkjustaðar. Raskið sé vel sýnilegt víða úr Tungudal og frá innri hluta bæjarins en sé í hvarfi frá neðri hluta bæjarins og frá aðkomuleið. Í tillögu framkvæmdaraðila að deiliskipulagi kemur fram að mótvægisáðgerðir felist í mótun landsins og frágangi svæðisins þannig að svæðið falli sem best að menningarlandslaginu.

Umhverfisstofnun telur að nokkur sjónræn áhrif gætu orðið samfara tímabundinni urðun en að teknu tilliti til fyrirhugaðs frágangs sé ekki líklegt að frekari rekstur urðunarstaðarins muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

### Strandsvæði

Fram kemur í tillögu framkvæmdaraðila að deiliskipulagi og í greinargerð framkvæmdaraðila með tilkynningunni að áin Hólsá renni í 50-100 metra fjarlægð norðan og neðan við framkvæmdarsvæðið til sjávar í Bolungarvíkurhöfn. Í greinargerð framkvæmdaraðila með tilkynningunni kemur fram að ekki séu vísbendingar um að mengun berist frá urðunarstað út í Hólsá. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hafi annast mælingar á sigvatni undanfarin ár að beiðni framkvæmdaraðila og niðurstöður sýnatöku gefi til kynna að frárennsli frá urðunarstaðnum uppfylli þær kröfur sem settar séu í starfsleyfi og reglugerð um urðun úrgangs. Niðurstöður mælinga árið 2015 hafi verið þær að sýni sem tekin voru úr Hólsá fyrir ofan urðunarstað hafi sýnt svipuð gildi og sýni úr neysluvatni. Gildi í læk sem renni undan urðunarstaðnum séu í sumum tilfellum hærri en öll gildin séu þó undir viðmiðunarmörkum. Fram kemur í tillögu framkvæmdaraðila að deiliskipulagi að hætta á mengun eða minni vatnsgæðum á strandsvæði eða sjó í Bolungarvík sé því takmörkuð. Mikilvægt sé þó að áframhaldandi vöktun eigi sér stað.

Í tillögu framkvæmdaraðila að deiliskipulagi var kynnt sú mótvægisáðgerð að tryggja skuli að framkvæmdir hafi sem minnst áhrif á lífríkið í ánni. Sýna skuli sérstaka aðgát við umrót á svæðinu, einkum á svæðum þar sem áður hafi verið urðað til að tryggja að hugsanleg mengun frá eldri úrgangi berist ekki í Hólsá. Ef vart verði við mengandi úrgang skuli hann fjarlægður og fargað með viðeigandi hætti. Vöktun á efnainnihaldi Hólsár skuli haldið áfram á meðan á urðun og frágangi standi. Gerð verði mæliáætlun um vöktun á frárennsli frá urðunarstaðnum.



Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða kemur fram að niðurstöður mælinga, á sigvatni úr læk sem renni undan urðunarstaðnum, gefi til kynna að það uppfylli kröfur starfsleyfis og reglugerðar um urðun úrgangs. Því séu ekki vísbendingar um að mengun berist frá urðunarstaðnum út í Hólsá.

Umhverfisstofnun telur að ekki séu vísbendingar um mengun frá staðnum umfram kröfur í reglugerð. Stofnunin bendir á að koma þurfi fyrir fullnægjandi aðstöðu til sýnatöku og mælinga á frárennsli og sigvatni í samræmi við starfsleyfi. Í umsögn stofnunarinnar um deiliskipulag dags. 2.6.2017 kom fram það álit að mikilvægt sé að unnið sé að vöktunar- og mæliáætlunum fyrir svæðið.

### **Menningarminjar**

Fram kemur í tillögu framkvæmdaraðila að deiliskipulagi að urðunarstaðurinn sé staðsettur mjög nálægt Hólskirkju sem sé friðuð samkvæmt aldursákvæði þjóðminjalaga nr. 88/1989. Í landi Hóls séu skráðir 29 minjastaðir samkvæmt fornleifaskrá fyrir Bolungarvík. Nálægð urðunarstaðarins hafi neikvæð áhrif á ásýnd kirkjunnar og nágrennis og auki hættu á að fornminjar á jörðinni spillist, en þrjú minjastaðanna séu taldir í mikilli hættu vegna framkvæmda og skipulags samkvæmt fornleifaskránni.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að svæðið sem nái utan um fornleifarnar og kirkjuna njóti hverfisverndar en að urðunarstaðurinn sé utan þess. Fram kemur að útihús gæti hafa staðið innan framkvæmdasvæðisins þar sem það liggja næst kirkjugarðinum. Hafi svæðinu austast á deiliskipulagsreitnum ekki verið raskað nú þegar telji stofnunin að þar ætti ekkert frekara jarðrask að fara fram. Ef óhjákvæmilegt verði að raska því svæði þurfi að fá fornleifafræðing til að fylgjast með framkvæmdum þar. Komi fornleifar í ljós þurfi að stöðva framkvæmdir og rannsaka minjarnar áður en framkvæmdir haldi áfram.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir frekara jarðraski en nú sé orðið á umræddu svæði, hvorki á urðunarstaðnum né umhverfis hann. Ef óhjákvæmilegt verði af ófyrirséðum aðstæðum að raska svæði í nágrenni við ætlaða minjastaði verði það ekki gert nema í samráði við fornleifafræðing. Komi fornminjar í ljós verði framkvæmdir stöðvaðar á meðan á rannsókn standi.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Minjastofnun Íslands og Umhverfisstofnun álíta að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki matsskyld.

## **5 SKIPULAG OG LEYFI**

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Bolungarvíkurkaupstaðar 2008-2020 þar sem fram kemur að svæðið verði nýtt fyrst um sinn en urðun hætt á skipulagstímabilinu í samræmi við niðurstöður svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Gerð deiliskipulags er á lokastigi.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Bolungarvíkurkaupstaðar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig þarf leyfi Fiskistofu samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði vegna efnistöku við frágang urðunarstaðarinnar.



## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða urðun óvirks úrgangs í malarnámu í landi Hóls í Bolungarvíkurkaupstað en urðun hefur farið fram þar í rúma þrjá áratugi. Fyrirhugað er að urða allt að 500 tonn árlega, en gert er ráð fyrir að urðun verði hætt fyrir árslok 2020 og gengið verði frá svæðinu fyrir ársbyrjun 2022 skv. tillögu að deiliskipulagi.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11.03 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal m.a. taka mið af eðli framkvæmdar, s.s. stærð og umfangi, nýtingu náttúruauðlinda, úrgangsmyndun, mengun og ónæði. sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Tilkynnt framkvæmd felur í sér áframhaldandi urðun óvirks úrgangs, jarðgerðar og endurvinnslu 500 tonna af úrgangi á ári fram til ársloka 2020 á svæði sem er um einn hektari að stærð. Ekki er áætlað frekara jarðrask en þegar hefur orðið á umræddu svæði, hvorki á urðunarstaðnum né umhverfis hann, en ef óhjákvæmilegt verður af ófyrirséðum aðstæðum að raska svæði í nágrenni við ætlaða minjastaði verður það gert í samráði við fornleifafræðing. Frárennsli frá urðunarstaðnum uppfyllir þær kröfur sem settar eru í starfsleyfi og í reglugerð um urðun úrgangs. Umhverfisstofnun bendir þó á að koma þurfi fyrir fullnægjandi aðstöðu til sýnatöku og mælinga á frárennsli og sigvatni í samræmi við starfsleyfi og framkvæmdaraðili áformar að koma fyrir brunnum til sýnatöku, stofnunin hefur einnig bent á að mikilvægt sé að unnið sé að vöktunar- og mæliáætlunum fyrir svæðið vegna frárennslis. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

### Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, einkum með tilliti til strandsvæða, sérstæðra jarðmyndana og svæða sem hafa sögulegt, menningarlegt eða fornleifafræðilegt gildi.

Framkvæmdasvæðið er eins og áður segir um einn hektari og er að öllu leyti á röskuðu landi. Framkvæmdirnar hafa í för með sér hættu á að fornminjar á svæðinu spillist en samkvæmt lögum um menningarminjar skal standa vörð um fornminjar. Minjastofnun hefur í umsögn sinni sagt að, að því gefnu að gengið verði að kröfum stofnunarinnar hvað varðar takmörkun á jarðraski austast á svæðinu, þar sem útihús gæti hafa staðið, sé ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Skipulagsstofnun tekur undir það álit og minnir á að við leyfisveitingar til framkvæmdanna þarf að uppfylla skilyrði sem tilgreind eru í 24. gr. laga. um menningarminjar. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.



### **Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðanna hér að ofan einkum með tilliti til stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tileknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við urðunarstaðinn á Hóli felast fyrst og fremst í áhrifum á landslag og menningarminjar. Áhrif á landslag hafa þegar komið fram, þau eru varanleg en byggt á framlögðum gögnum eru þau að mati Skipulagsstofnunar bundin við lítið og afmarkað svæði, í takmarkaðan tíma og með mótvægisáðgerðum verður dregið mjög úr þeim. Hægt er að komast hjá röskun umræddra minja með því að fara að kröfum Minjastofnunar eins og fram hefur komið og hefur framkvæmdaraðili lýst því yfir að verði gert. Í umsögnum Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og Umhverfisstofnunar er bent á að niðurstöður mælinga á sigvatni úr læk sem renni undan urðunarstaðnum gefi til kynna að það uppfylli kröfur starfsleyfis og því séu ekki vísbendingar um að mengun berist frá urðunarstaðnum út í Hólsá.

Eins og fram kemur í tillögu framkvæmdaraðila að deiliskipulagi er áætlað að hefja vinnu við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs þannig að viðunandi lausn finnist fyrir árslok 2020. Skipulagsstofnun telur mikilvægt er að urðuninni verði fundinn varanlegur staður þar sem umhverfisáhrif verði sem minnst. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og að uppfylltum þeim mótvægisáðgerðum sem kynntar hafa verið við meðferð málsins. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 13. apríl 2018.

Reykjavík, 7. mars 2018

Jakob Gunnarsson

Matthildur B. Stefánsdóttir